

Fréttatilkynning frá Nýherja
Reykjavík, 24. október 2014

EBITDA 586 mkr á fyrstu 9 mánuðum ársins

Helstu upplýsingar:

- Heildarhagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 12 mkr og 137 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins [Q3 2013: Heildartap 100 mkr, 9M 2013: Heildartap 1.112 mkr]
- EBITDA nam 188 mkr á þriðja ársfjórðungi og 586 mkr fyrstu níu mánuði ársins [Q3 2013: 61 mkr, 9M 2013: 244 mkr]
- Rekstrarhagnaður nam 112 mkr á þriðja ársfjórðungi og 362 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins [Q3 2013: tap 25 mkr, 9M 2013: 11 mkr]
- Vöru- og þjónustusala á þriðja ársfjórðungi nam 2.545 mkr og 8.257 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins [Q3 2013: 2.418 mkr, 9M 2013: 7.888 mkr]
- Framlegð á þriðja ársfjórðungi nam 669 mkr (26,3%) og 2.171 (26,3%) á fyrstu níu mánuðum ársins [Q3 2013: 547 mkr (22,6%), 9M 2013: 1.774 mkr (22,5%)]
- Nýtt skipulag hjá Nýherja tók gildi í ársfjórðungnum
- Sala á Lenovo tölum óx um 56% í Q3 2014 samanborið við Q3 2013
- Tekjuvöxtur hjá TM Software 29% á milli ára
- Vel heppnað hlutfjárútbóð fór fram meðal stjórnar- og starfsmanna á fjórðungnum

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Jákvæð umskipti hafa orðið á afkomu Nýherjasamstæðunnar á árinu, en 137 mkr hagnaður er á starfseminni fyrstu 9 mánuði ársins í stað ríflega eins milljarðs króna taps í fyrra. Hagnaður var 12 mkr á þriðja ársfjórðungi, sem er undir væntingum en reksturinn á fyrstu 9 mánuðum ársins er á áætlun.

Ágætur gangur var í rekstri móðurfélags Nýherja, á þriðja ársfjórðungi. Sala á tölvu- og tæknibúnaði var í heild yfir áætlun. Sala á Lenovo tölum hefur vaxið töluvert síðustu misseri en tæplega tíu þúsund tölur hafa verið seldar til fyrirtækja og einstaklinga það sem af er ári. Tekjur TM Software vaxa enn verulega á milli ára, einkum vegna mikils vaxtar í sölu á Tempo hugbúnaði sem nú stendur á bak við 44% af veltu félagsins. Afkoma Applicon félaganna er undir áætlun, sem skýrist meðal annars af hærri þróunarkostnaði á þriðja ársfjórðungi heldur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ágætis horfur eru hjá Applicon félögum fyrir fjórða ársfjórðung.

Nýtt skipulag fyrir Nýherja móðurfélag hefur tekið gildi, en því er ætlað að einfalda starfsemi félagsins, bæta þjónustu og efla sölustarf. Áfram verður unnið að bættu skipulagi og skilvirkari uppbyggingu samstæðunnar, með það að markmiði að bæta afkomu og styrkja eiginfjárstöðu félagsins.“

Rekstrarniðurstaða fyrstu 9 mánuði 2014

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	9M 2014	9M 2013
Seldar vörur og þjónusta	8.257	7.888
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(6.086)	(6.114)
Framlegð	2.171	1.774
Rekstrarkostnaður	(1.810)	(1.763)
Rekstrarhagnaður	362	11
Hrein fjármagnsgjöld	(181)	(215)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	181	(204)
Tekjuskattur	(37)	19
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	144	(185)
Tap af aflagðri starfsemi	(26)	(913)
Hagnaður (tap) tímabilsins	118	(1.098)
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	19	(14)
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins	137	(1.112)
EBITDA	586	244

- Sala á vöru og þjónustu nam 8.257 mkr á fyrstu 9 mánuðum ársins samanborið við 7.888 mkr á sama tímabili í fyrra, sem er 4,7% aukning
- Framlegð var 2.171 mkr (26,3%) samanborið við 1.774 mkr (22,5%) í fyrra. Á tímabilinu var eignfærður 155 mkr þróunarkostnaður vegna Tempo hugbúnaðarlausna hjá TM Software. Án eignfærslu hefði framlegð verið 2.016 mkr (24,4%)
- Rekstrarkostnaður var 1.810 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 21,9% af tekjum samanborið við hlutfall af tekjum upp á 22,4% á sama tímabili í fyrra
- Hrein fjármagnsgjöld voru 181 mkr á fyrstu 9 mánuðum ársins, en voru 215 mkr á sama tíma í fyrra. Munurinn skýrist að mestu leyti af minna gengistapi í ár
- Í mars 2014 var starfsemi danskra félaga Nýherja seld og var tap af rekstri 26 mkr á tímabilinu. Á fyrstu mánuðum 2013 var 913 mkr tap þar sem viðskiptavild vegna Applicon AS í Danmörku að fjárhæð 835 mkr var afskrifuð
- EBITDA var 586 mkr á tímabilinu en var 244 mkr á sama tímabili í fyrra. Án eignfærslu hefði EBITDA verið 431 mkr á tímabilinu
- Heildarhagnaður var 137 mkr en 1.112 mkr tap var á sama tímabili í fyrra

Efnahagsreikningur 30.09.2014 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	30.09.2014	31.12.2013
Fastafjármunir	2.908	3.049
Veltufjármunir	2.364	2.982
Eignir samtals	5.272	6.031
Eigið fé	841	665
Langtímaskuldir	2.680	2.090
Skammtímaskuldir	1.750	3.276
Eigið fé og skuldir samtals	5.272	6.031
Veltufjárhlutfall	1,35	0,91
Eiginfjárhlutfall	16%	11%

- Veltufjármunir lækka frá árslokum 2013 úr 2.982 mkr í 2.364 mkr sem er 618 mkr lækkun. Mest vegur lækkun á viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum
- Langtímaskuldir hækka um 590 mkr frá áramótum þar sem skammtímalán að upphæð 650 mkr var endurfjármagnað á öðrum ársfjórðungi
- Skammtímaskuldir lækka frá árslokum 2013 um 1.526 mkr þar sem vaxtaberandi skammtímaskuldir lækka um 700 mkr. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir lækka að auki um 825 mkr frá áramótum
- Vaxtaberandi skuldir lækka um 111 mkr og eru 3.040 mkr en voru 3.151 mkr í árslok 2013
- Veltufjárhlutfall hækkar frá árslokum úr 0,91 í 1,35 í lok september 2014
- Eiginfjárhlutfall hefur hækkað úr 11% frá síðustu áramótum í 16% í lok september 2014

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	2014 1.1-30.9.	2013 1.1-30.9.
Handbært fé frá rekstri	181	39
Fjárfestingahreyfingar	(198)	(225)
Fjármögnunarahreyfingar	(269)	112
(Lækkun) á handbæru fé	(285)	(74)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(6)	(3)
Handbært fé í ársbyrjun	451	218
Handbært fé í lok tímabilsins	160	141

- Handbært fé frá rekstri er 181 mkr fyrstu níu mánuði ársins 2014 samanborið við 39 mkr á sama tímabili 2013
- Handbært fé í lok tímabilsins nemur 160 mkr samanborið við 141 mkr á sama tíma 2013

Rekstrarniðurstaða á þriðja ársfjórðungi 2014

Ársfjórðungsfirlið - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F3 2014	F2 2014	F1 2014	F4 2013	F3 2013
Seldar vörur og þjónusta	2.545	2.853	2.859	3.052	2.418
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(1.876)	(2.104)	(2.106)	(2.397)	(1.872)
Framlegð	669	749	753	655	547
Rekstrarkostnaður	(558)	(616)	(637)	(710)	(572)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	0	(103)	0
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	112	134	116	(157)	(25)
Hrein fjármagnsgjöld	(98)	(52)	(31)	(1)	(61)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	13	82	86	(158)	(86)
Tekjuskattur	(2)	(17)	(19)	33	(1)
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	12	65	67	(125)	(87)
Tap af aflagðri starfsemi	0	0	(26)	(390)	1
Hagnaður (tap) tímabilsins	12	65	41	(515)	(86)
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	0,5	4	15	28	(14)
Þýðingarmunur færður í rekstrarreikning vegna sölu á dótturfélagi	0	0	0	(9)	0
Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins	12	69	56	(496)	(100)
EBITDA	188	207	191	58	61

- Sala á vöru og þjónustu nam 2.545 mkr á þriðja ársfjórðungi 2014 samanborið við 2.418 mkr á sama tímabili í fyrra, sem er aukning um 5,25%
- Framlegð var 669 mkr (26,3%) samanborið við 547 mkr (22,6%) í fyrra. Á þriðja ársfjórðungi var eignfærður 66 mkr þróunarkostnaður hjá TM Software ehf. Án eignfærslu hefði framlegð verið 603 mkr (23,7%)
- Rekstrarkostnaður er 558 mkr á þriðja ársfjórðungi sem er 2,5% lækkun frá þriðja ársfjórðungi 2013
- Hrein fjármagnsgjöld voru 98 mkr í fjórðungnum samanborið við 61 mkr í þriðja ársfjórðungi 2013. Gengistap að fjárhæð 40 mkr á þriðja ársfjórðungi 2014 er megin skýring á hækkun frá sama tíma á fyrra ári og gagnvart fyrri ársfjórðungi 2014
- EBITDA var 188 mkr í ársfjórðungnum en var 61 mkr á sama tímabili í fyrra. Án eignfærslu hefði EBITDA verið 122 mkr á tímabilinu
- Heildarhagnaður var 12 mkr í ársfjórðungnum en 100 mkr tap var á sama tímabili í fyrra

Nýtt skipulag móðurfélags

Nýherji kynnti í ágúst nýtt skipulag fyrir starfsemi móðurfélagsins. Markmiðið með skipulagsbreytingum er að bæta þjónustu og efla sölustarf félagsins. Ennfremur að gera félagið hæfara til að takast á við örar breytingar í upplýsingatækni með því að nýta betur sérþekkingu starfsfólks og efla nýsköpun. Tekjusvið félagsins verða tvö, Lausnir og þjónusta og Heildsala og dreifing. Fyrri sviðinu verður skipt í fjórar deildir eftir lausnum þar sem hver deild er ábyrg fyrir vörustjórn á viðkomandi sviði, markaðssetningu, sölu og tæknilegum stuðningi við vörur og þjónustu. Heildsala og dreifing sér um verkstæðisþjónustu, innflutning, lagerhald, heildsölu og dreifingu á öllum vörum Nýherja til endursöluaðila. Nýtt svið viðskipta- og þjónustustjórnunar ber svo ábyrgð á viðskiptastjórnun gagnvart lykilviðskiptavinum Nýherja, almennri samræmingu á sölustarfi samstæðunnar, gæðastjórnun, þjónustueftirliti og umbótastarfi. Í tengslum við þessar breytingar fjölga í framkvæmdastjórn Nýherja, en þau sem taka sæti þar eru Þorvaldur Þorláksson, framkvæmdastjóri, Heildsölu og dreifingar, og Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri. Skipulagsbreytingarnar tóku gildi 1. október.

Nýherji innanlands: Ágæt afkoma af rekstri

Afkoma móðurfélags Nýherja, á þriðja ársfjórðungi var undir áætlunum en umtalsvert betri en á sama tímabili í fyrra. Vörusala gekk vel, en sala á þjónustu var heldur minni en árið á undan. Notendalausnir, sem meðal annars selja Lenovo tölvubúnað, voru yfir áætlun, en 56% vöxtur er í sölu á Lenovo tölvum á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil 2013. Kaup Lenovo á System X netþjónun IBM gengu í gegn 1. október og gert er ráð fyrir að sala á búnaðinum frá Lenovo hefjist hjá Nýherja í lok árs. Sala á miðlægum upplýsingatækniþúnaði gekk ágætlega á tímabilinu. Mikil áhersla hefur verið lögð á sölu á einstaklingsbúnaði til endursöluaðila og er markmið félagsins að efla þá starfsemi enn frekar.

TM Software ehf.: Erlendar tekjur 44% af heildartekjum

Rekstur TM Software, sem sérhæfir sig í þróun sérhæfðra hugbúnaðarlausna, var ágætur á ársfjórðungnum. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa tekjur félagsins aukist um 29% frá sama tímabili í fyrra, bæði á innlendum og erlendum mörkuðum og nema nú alls 1.189 mkr. Erlendar tekjur af Tempo tímaskráningarlausninni hafa vaxið um 86% milli ára og eru í dag 44% af heildartekjum fyrirtækisins. Afkoma félagsins að loknum fyrstu 9 mánuðum ársins er yfir áætlun. Verkefnastaða og söluhorfur eru ágætær.

Applicon ehf.: Stöðugur rekstur

Rekstur Applicon var litillega undir áætlun á þriðja ársfjórðungi, sem einkenndist af minni umsvifum yfir sumartímann og frestun á stærri verkefnum. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa tekjur aukist um 7% miðað við árið í fyrra og nema alls 717 mkr. Innleiðing hófst á mannauðs- og launakerfum hjá bæði hjá Norðuráli og Landsvirkjun. Tímabilið var nýtt í þróun á nýjum lausnum, þá sér í lagi á Kjarna (kjarni.applicon.is) sem er lausn á sviði mannauðs- og launamála og er hýst í Nýherja skýinu. Þá voru tekin skref með nýtingu SAP HANA gagnagrunnstækni og er Applicon nú búð að færa bankalausnir yfir á SAP HANA sem dregur stórlega úr kostnaði við rekstur upplýsingatækniþerfa.

Applicon AB í Svíþjóð: Tap á starfsemi

Fjárfesting í þróun á kjarnabankalausnum og dráttur á ráðningu nýs starfsfólks er megin skýring þess að afkoma Applicon í Svíþjóð er undir áætlun á ársfjórðungnum. Tekjur félagsins námu 724 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins og dragast saman um 128 mkr. milli ára. Samdráttur tekna er að mestu til kominn vegna mikils fjölda útseldra tíma við afhendingu á lausn til Landshypotek á fyrri hluta árs 2013. Starfsfólki fjölgaði um 15% undir lok þriðja ársfjórðungs og væntir félagið þess að það geti annað betur eftirspurn sem er á markaðnum eftir þá fjölgun. Horfur fyrir fjórða ársfjórðung eru viðunandi.

Hlutfjárútboð

Almennt hlutfjárútboð fór fram meðal stjórnar- og starfsmanna dagana 11. til 14. september síðastliðinn. Útboðsgengi var 3,9 kr á hlut og fjöldi hluta var 10.000.000. Útboðið heppnaðist vel og var umfram eftirspurn eftir hlutum, en alls var eftirspurn eftir 20.145.413 hlutum.

Uppgjör Nýherja hf. á þriðja ársfjórðungi 2014

Horfur

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í tekjum og afkomu Nýherja og dótturfélaga.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok annars ársfjórðungs 2014 var kr. 2.358 milljónir. Lokaverð í ársfjórðungnum var kr. 5,75 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 30. september 2014 voru 410 milljónir. Hluthafar voru 331 talsins í lok ársfjórðungsins.

Kynningarfundur þann 27. október

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn mánudaginn 27. október 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík og hefst hann kl. 13:00. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is.

Fjárhagsdagatal fyrir 2014:

Áætluð birting árshlutauppgjors fyrir fjórða ársfjórðung og árið 2014:

- 30. janúar 2015: Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2014.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. 24. október 2014. Árshlutauppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Árshlutauppgjörið hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins.

Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Dótturfélög Nýherja eru þrjú, TM Software Origo ehf., Applicon ehf. og Applicon AB. Stöðugildi hjá Nýherjasamstæðunni voru 469 í lok september. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða finnur.oddsson@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdarstjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gunnar.petersen@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.